

Gelmir rekstrarfélag ehf.
Fljótstungu
320 Reykholt í Borgarfirði

Reykjavík, fimmtudagur, 21. júlí 2022
UST202206-035/D.Ö.H.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Hraunfossar - fiskvegur í jarðgöngum

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Gelmis rekstrarfélags ehf., dagsett 1. júní 2022, um rannsóknaboranir innan náttúruvættisins Hraunfossa og Barnafoss í Hvítá í Borgarfirði. Hraunfossar og Barnafoss er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 410/1987. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til borunar tveggja kjarnaborhola sem boraðar verða á göngustíg innan þess svæðis sem nýtur verndar sem náttúruvætti. Markmiðið er að afla upplýsinga um gerð og eiginleika berggrunns á svæðinu. Boraðar verða skáholur til að ná bergkjarna sem verður um 5 cm í þvermál. Vatni verður dælt í holurnar til að rannsaka lekt jarðlaga. Talinn er möguleiki að bora þurfi þriðju holuna en hún hefur ekki verið staðsett. Staðsetning holanna tveggja eru birtar á meðfylgjandi mynd sem fylgdi umsókn.



Mynd 1 Fyrirliggjandi borstaðir skv. umsókn (norður upp á korti).

Samkvæmt mælingu Umhverfisstofnunar á staðsetningu holanna eru báðar holurnar u.þ.b. 30 metra frá gljúfrinu.

Verkefnið verður unnið af tveimur mönnum borverktaka og einum ráðgjafa. Farið verður með borvagn inn á svæðið sem mun sjá um borun auk þess sem tankbíl verður á bílaplani með vatn til að dæla að borvagni. Ekki verður farið út fyrir stíga og holurnar boraðar á áður röskuðu landi fjarri gljúfrinu og fossunum sjálfum.

Áætlað er að verkefnið taki þrjá daga en dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Meðan á borunum stendur má búast við að gestir svæðisins verðir fyrir truflun og að beina þurfi umferð gangandi fólks á aðra stíga svæðisins.

Rannsóknin er þáttur í undirbúningi umhverfismats vegna fiskvegar í jarðgöngum innan náttúruvættisins. Umhverfisstofnun hefur komið að málinu er varðar jarðgangnagerðina á fyrri stigum með umsögn um matskyldu auk þess að hafa svarað fyrirspurn um málið.

Mat á leyfisskildu

Í umsókn félagsins og merkingum á korti sem fylgdi með umsókninni kemur fram að rannsóknin feli í sér sýnatökur (þ.e. svokallaðar kjarnaborholur) sem fara fram á göngustíg innan jaðarsvæðis, í nokkurri fjarlægð frá náttúruvættinu sjálfu. Þá kemur fram að ekki sé þörf á að fara út fyrir göngustíga eða vegi.

Með hliðsjón af framangreindu sem og fyrri tíðar afgreiðslu umsókna um leyfi, bæði fyrir sama svæði og önnur náttúruvætti sem friðlýst voru skv. heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 og innihalda sömu reglur, verður ekki séð að afgreiða skuli umsóknina sem beiðni um undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar, sbr. 41. gr. nvl. heldur skuli afgreiða umsóknina sem umsókn um framkvæmdaleyfi sem Umhverfisstofnun getur, eftir atvikum, veitt leyfi til.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmd rannsóknarinnar muni að öllum líkindum ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Framkvæmdin fer fram á göngustíg. Tæki sem notuð eru við framkvæmdina eru stór og mögulega gæti orðið eitthvað rask meðfram göngustíg á framkvæmdarsvæði. Meðan á framkvæmdum stendur verður umtalsverð truflun á upplifun gesta. Loka þarf hluta gönguleiðar á meðan á framkvæmdum stendur og einnig mun hávaði berast frá tækjum á meðan á borun stendur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Gelmi rekstrarfélagi ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir til borunar tveggja til þriggja rannsóknahola innan náttúruvættisins við Hraunfossa og Barnafoss sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Dagsetning borunar skal ákvörðuð í samráði við starfsmann Umhverfisstofnunar.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar um upphaf verkefnis með að minnsta kosti sólahrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef boruð verður þriðja rannsóknarholan skal staðsetning og stefna ákvörðuð í samráði við starfsmann Umhverfisstofnunar.
- Boranir skulu ekki raska náttúruvættinu sjálfu, þ.e. fossunum og gljúfri árinna.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.

- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað um verkefnið og að leyfi hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki. Ef tæki eru líkleg til að valda skemmdum skal verja gróður í jaðri stíga t.d. með því að leggja mottur í kanta.
- Sýna skal öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að verkefnið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Tryggja skal öryggi gesta sem eiga leið um svæðið á meðan framkvæmdum stendur.
- Starfsmenn og farartæki skulu vera merkt sínum fyrirtækjum og/eða klæðast sýnileikafatnaði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu þ.m.t. skal loka holum með tryggum hætti og fjarlægja sorp og uppsafnað efni.
- Verði skemmdir á gróðri eða stígum skal framkvæmdaraðili endurheimta fyrri ásýnd.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um rannsóknir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hákon Ásgeirsson
þjóðgarðsvörður